

Reykjavík, 25. maí 2023

MSS23050179

Forsætisnefnd

Kynning á siglingarkorti Atvinnu- og borgarþróunarteymis SBB

Lagt fram til samþykkis minnisblað með drögum að siglingarkorti um uppbyggingu á auknu samstarfi með það fyrir augum að auka þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum. Siglingarkortið er unnið af atvinnu- og borgarþróunarteymi SBB.

Reykjavíkurborg hefur í nokkur ár unnið skipulega að því að auka þátttöku sína í verkefnum sem styrkt eru af utanaðkomandi aðilum, með áherslu á til að veita Græna Planinu framgang. Vinna að þessari sókn hefur gengið vel og hefur borgin hlotið styrki til þess að taka þátt í nokkrum stórum samstarfsverkefnum á undanförunum árum, PaCE, SPARCS og IMPULSE. SPARCS eða Sustainable energy Positive & zero cARbon CommunitieS er nýsköpunar- og þróunarverkefni (IA) á sviði orkuskipta, sjálfbærni og kolefnishlutleysis þar sem borgir leita nýstárlegra lausna til þess að auka sjálfbærni. Samstarfsborgir eru m.a. Leipzig og Espoo. IMPULSE eða Identity Management in PUbLic SErvices er rannsóknar- og nýsköpunarverkefni (RIA) um aðgengi að opinberri þjónustu og rafræn auðkenni í samhengi við gervigreind og bálkakeðjur. Samstarfsborgir eru m.a. Árósar og Gijón. AMIGOS eða Active Mobility Innovations for Green and safe city sOlutionS, en það snýr að rannsóknum á öryggi ólíkra vegfarenda og ferðamáta í kringum samgöngukjarna og verður þróun svæðisins á Hlemmi og þar í nágrenni helsta viðfangsefni Reykjavíkurborgar í samstarfinu.

Meðfylgjandi Siglingarkort leggur til markvissa áætlun um frekari sókn á þessum sviðum og aðgerðir til að byggja hana upp með aðkoma ólíkra sviða og skrifstofa borgarinnar, og með straumlínulögun á allri verkumsýslu og fjársýslu þeirra verkefna sem hljóta styrki.

Virðingarfyllst,
Harpa Sif Eyjólfsdóttir og Krístrún Th. Gunnarsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla

Samrit:

Hjálagt: Siglingarkort

Inngangur

Atvinnu- og borgarþróunarteymi SBB hefur á síðustu árum stýrt þátttöku Reykjavíkurborgar í stórum alþjóðlegum samstarfsverkefnum, styrktum til fulls með aðkomu rammaáætlana Evrópsku Framkvæmdastjórnarinnar (EF): Horizon 2020 (H2020) og Horizon Europe (HE). Þessi þátttaka hefur að nokkru verið tilfallandi hingað til og um ákveðið lærdómsferli að ræða þar sem aðstæður innan stjórnsýslunnar og færni til alþjóðlegs samstarfs af þessu tagi hafa komið til skoðunar (sjá samanburð við Helsinki, [Annex B](#)). Meðal þess sem fram kemur er að Reykjavíkurborg á nokkuð í land með að nýta sér tækifæri sem kosta nauðsynlegan starfskraft til þátttöku í samstarfi um rannsóknir, nýsköpun og þróun, jafnframt því að öll umsýsla verkefna, ytri og innri samráðsferli þarf að straumlínulaga.

Sú reynsla og þekking sem safnast hefur upp gerir Atvinnu- og borgarþróunarteymið vel í stakk búið til áframhaldandi uppbyggingar. Sú vinna felst í grunninn í að rækta alþjóðleg tengslanet, byggja upp innra samstarf milli sviða og skrifstofa borgarinnar, hafa beina íhlutun í hönnun verkefnaumsókna og hafa yfirumsjón með framvindu verkefna sem fá styrk. Teymið hefur einnig skoðað í kjölinn kostun og fjársýslu verkefnanna hingað til og gert drög að endurbættu verkefnabókhalda samkvæmt ákvæðum EF og með aðkomu sérfræðinga Fjármála- og áhættustýringarsviðs (FÁST).

Almenn atriði í uppbyggingu samstarfs og tengsla

Að Reykjavíkurborg skilgreini markvisst (og endurskoði reglulega) hlutverk sitt og væntingar sem **þátttakandi** í rannsóknum, nýsköpun og þróun. Að Reykjavíkurborg skilgreini það virði sem sóst er eftir að skapa fyrir hin ólíku viðfangsefni stjórnsýslunnar, ekki síst til stuðnings við ákvarðanatökur kjörinna fulltrúa um helstu áskoranir samtímans.

Að litið sé á aðkomu að hvers kyns nýsköpunar- og þróunarverkefnum sem starfsþróun og lærdóm fyrir alla sem taka þátt. Að hún sé hluti af nýsköpunarmenningu sem gerir Reykjavíkurborg að eftirsóknarverðum vinnustað.

Að megináherslur séu á sóknarfæri til alþjóðlegs samstarfs um fullkostað verkefni, og leitað í stóru evrópsku og bandarísku sjóðina.

H2020 verkefni sem Reykjavíkurborg hefur þegar reynslu af eru hluti af viðtækum rannsóknum, þrófunum á tækni og samráði um lausnir og áherslur í borgarþróun til framtíðar. Verkefnin eru skilgreind sem slík innan rammaáætlana EF (RIA, IA, CSA).¹

Stafræn vegferð Reykjavíkurborgar er að nokkrum hluta kostuð af hinu bandaríska Bloomberg Philanthropies.

Að markvisst sé leitað tækifæra **til samstarfs** og verið **til stuðnings** við bæði innlenda og alþjóðlega samstarfshópa. Þar á meðal að stutt sé við umsóknir í innlenda sjóði eins og tækniþróunarsjóð og nýsköpunarsjóð námsmanna, sjóði sem styðja menntun og þekkingarmiðlun (t.d. Erasmus), eða þróunar- og innviðasjóði (t.d. LIFE, EEA & Norway Grant, Northern Periphery and Arctic (NPA) programme).

¹ RIA = Research and Innovation Action; IA = Innovation Action; CSA = Coordination and Support Action

Að ræktað sé samstarf við nýsköpunarsamfélagið á Íslandi og tengslin við íslenskar háskóladeildir, stofnanir og samtök, hvort heldur í gegnum beina aðild þeirra að verkefnasamstarfi eða t.d. stuðning við vinnu rannsóknarnema í verkefnum sem Reykjavíkurborg sinnir.

Að ræktuð séu tengslanet sem ná til erlendra borga, háskóladeilda, stofnana og samtaka, bæði til að virkja alþjóðlegt samstarf í kringum einstaka styrkumsóknir og til að mæta nýjum tækifærum til verkefnasamstarfs.

Lykilatriði í framkvæmd innra starfs

Að gert sé ráð fyrir aðkomu ólíkra faghópa, þverfaglegar og þverfræðilegrar samvinnu og að verkefnin eigi ekki heima inná einstaka sviðum Reykjavíkurborgar.

Að halda úti reglulegum kynningum á þema-tengdum tækifærum til styrkumsókna inná sviðum og skrifstofum borgarinnar. Að tekinn sé púlsinn og hlustað eftir helstu áskorunum, hugmyndum og áhuga til þátttöku í verkefnum sem gætu bætt í þekkingargrunninn og miðað aðgerðaráætlunum fram á veginn (sjá [Mynd 1](#)). Hafa samráð um tækifæri í þessa veru sem annars færu að öllum líkindum forgörðum.²

Að horft sé til mögulegrar þátttöku B-hlutafélaga, annarra íslenskra stofnana, fyrirtækja og samtaka eins og við á.

Að horfa ávallt til áherslumála Græna Plansins þegar stofnað er til þátttöku í samstarfi um verkefnaumsókn. Að á hönnunar- og umsóknarstigi sé hægt að tilgreina (sjá einnig gátlista, [Annex 1](#)):

1. **Efnistöð verkefnis** í meginráttum
2. **Hlutverk Reykjavíkurborgar** (umsvif framlags og megin verkþættir)
3. **Ávinning** (tilefni og markmið til stuðnings ráðandi stefnum og aðgerðaráætlunum)

Að markvisst sé leitað eftir framlagi til samstarfsverkefna þvert á svið borgarinnar eins og við á og einstaka verkþættir samstilltir í hönnun og kostun verkefna.

Að aðstoða við útfærslur á mótframlögum Reykjavíkurborgar vegna umsókna, t.d., í LIFE sjóðinn eða þróunar- og innviðasjóði sem leggja aðeins til 60-65% af fullri kostun. Að innlima aðgerðir sem fara á fjárhagsáætlun og/eða í framkvæmd, 'in-kind' vinnuframlag sem metið er til fjár og vel skilgreint.

Að markvisst sé haldið úti kynningum á þessu starfi Reykjavíkurborgar hérlandis og erlendis á vettvangi alþjóðlegra rannsókna, nýsköpunar og þróunar, og tilgreind helstu áhersluviðmið borgarinnar uppá að laða að samstarfsaðila og viðeigandi samstarfshugmyndir.

Að unnið sé markvisst að eftirfylgni með þeim tengslum sem myndast í gegnum samstarfsverkefnin til að byggja á þeim áframhaldandi samstarf þegar færin gefast.

Að halda utanum og þróa frekar ofangreinda liði í opnu samtali og samráði við Alþjóðahópinn.

Að siglingakortið sé endurskoðað á tveggja ára fresti.

² Hér er verið að horfa sérstaklega til tækifæra sem bjóðast vegna sjálfstæðrar fjármögnunar, án þess að útiloka aðra kosti.



Mynd 1: Hringrás innra samráðs, fræðslu, mótunar og miðlunar

Samantekt helstu verkþátta sem lúta að framgangi og viðhaldi á þessu starfi:

- Vakta þróun áætlana sem EF stendur fyrir
- Vakta “Funding & tender” gátt EF, hvernig verkefnum er verið að kalla eftir hverju sinni
- Vakta aðra möguleika til að afla verkefnastyrkja í samstarfi við Rannís
- Halda utanum reglulega upplýsinga- og fræðslufundi innan borgarkerfisins
- Kynna einstök köll innan borgarkerfisins og meðal B-hlutafélaga eins og við á
- Halda utanum aðkomu ólíkra sviða að alþjóðlegu samstarfi um verkefnahönnun og umsóknir
- Vakta fyrirtæki sem taka að sér samstarfshópa um verkefnahönnun og umsóknir uppá mögulega útvistun (t.d. Euroquality, Evris, MarkMar og fl.)
- Hafa umsjón með þátttöku í samstarfsverkefnum sem fá styrk: samhæfa aðkomu ólíkra sviða og sérhæfðra skrifstofa
- Hafa yfirsýn yfir fjársýslu verkefna með aðkomu FÁST (samkvæmt ákvæðum EF)
- Halda utanum vefsíðu um nýsköpun og borgarþróun með tengla inn á þau samstarfsverkefni sem eru í gangi (og lokið)
- Huga að mannauði til að laða að og rækta hæft fólk í alþjóðlegt nýsköpunar- og þróunarsamstarf (t.d. virkja Mannauðsdeild)



Annex A: Greining og val á tækifærum til alþjóðlegra samstarfsverkefna - Gátlisti

Þó svo að hægt sé að halda því fram að stór fullstyrkt alþjóðleg samstarfsverkefni séu sjálfstæð og aðskilin frá hefðbundinni starfsemi stjórnsýslunnar, er mikilvægt að hafa í huga áhættuna sem fylgir ef álag á stjórnkerfi borgarinnar eykst þegar verkefni fara í gang sem eru ekki á starfsáætlunum sem liggja fyrir. Því er mikilvægt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir óþarfa álag – jafnvel togstreitu – eins og þegar hefur orðið vart þegar um verkefni er að ræða sem einungis fjármagna ferðalög og viðburði, en ekki vinnuframlag:

- Hægt sé að tryggja að efnistöð mögulegra samstarfsverkefna þjóni skýrt og greinilega framgangi Græna Plansins.
- Hægt sé að útfæra hlutverk borgarinnar í einstaka verkefnum með þeim hætti að ávinningur sé fyrir þá sem taka helstu ákvarðanir og það þjóni almennu verklagi og nálgun borgarinnar við aðgerðir.
- Valin séu tækifæri til samstarfs um verkefnahönnun og umsóknir sem gagnast efnislega vegna annarrar vinnu sem þegar er í forgangi á viðkomandi sviðum.
 - *Mikilvægt er að þessi “forvinna” og lærdómurinn af henni nýtist áfram þó svo styrkur fái ekki en hlutfall árangurs af innsendum umsóknum getur legið á bilinu 6-16%*
- Valin séu efnistöð og samstarfsaðilar á þann hátt að þjóni óskum og frumkvæði ólíkra sviða.
- Hægt sé að útfæra framlag borgarinnar til samstarfsverkefna með þeim hætti að auðvelt sé um faglega aðkomu að einstaka verkþáttum, þ.m.t. að hægt sé að kosta vinnuframlag með sveigjanlegum hætti.
- Hægt sé að vinna að því markvisst að afurðir samstarfsverkefna, svo sem bætt þekking og tillögur að umbótum, beiting nýstárlegrar tækni og tóla, miðlun og tengslanet, geti nýst áfram innan stjórnsýslunnar og meðal kjörinna fulltrúa.



Annex B: Samanburður Helsinki og Reykjavíkurborgar

Samanburður við Helsinki: Gagnlegt hefur reynst að bera saman hvernig þróunin hefur átt sér stað í Helsinki. Borgaryfirvöld þar veita fjármunum beint til smærri verkefna og til móttframlags við styrki, en Helsinki sækir stíft í svæðabundna þróunarsjóði (t.d., Interreg Baltic Sea Region og Central Baltic) og evrópsku innviðasjóðina (t.d. ERDF og ESF) sem Ísland **hefur ekki** aðgang að. Að auki er Helsinkiborg þátttakandi í stórum evrópskum samstarfsverkefnum með aðkomu H2020 og HE, í gegnum [Forum Virium](#) stofnunina sem er í eigu borgarinnar.

Helsinki	Reykjavík
Allar deildir og svið eru virk í að leita styrkja og eiga frumkvæði í að taka þátt í hönnun verkefna og undirbúningi styrkumsókna.	Öll svið og deildir geta átt frumkvæði og tekið þátt í hönnun verkefna og undirbúningi styrkumsókna en mjög vantar uppá virkni.
Deild stefnumörkunar sem er hluti af miðlægrri stjórnsýslu, stýrir fjármununum miðlægt og veitir stuðning með ýmsum hætti, hvort heldur varðar verkefni sem eru styrkt beint úr borgarsjóði eða með aðkomu þróunar- og innviðasjóða eða H2020/HE.	Borgarþróunarteymi SBB hefur mjög nýlega hafið stefnumörkun sem beinist fyrst og fremst að tækifærum til stórra evrópskra samstarfsverkefna og uppbyggingu samráðs við einstök svið og skrifstofur til að veita þeim framgang. Enn vantar miðlægan stuðning við fjársýslu verkefna. Svið og skrifstofur borgarinnar eru einar á báti með ákvarðanir um umsóknir í smærri styrki og hafa sjálfstæða umsýslu með þeim (t.d. EEA & Norway Grant, Erasmus, Nýsköpunarsjóður námsmanna, Loftslagssjóður o.fl.)
Deild stefnumótunar metur og fer yfir öll drög að verkefnum, úthlutar fjármunum og tekur loka ákvarðanir varðandi þátttöku í stærri verkefnaumsóknum.	Engin sérstök deild eða miðlæg umsýsla er með mat á hönnun verkefna og ákvarðanir um þátttöku. Reykjavík hefur ekki á fjárhagsáætlun beinar styrkveitingar í nýsköpunar- og þróunarverkefni.
Svið og deildir borgarinnar fylgja verkefnunum eftir með aðstoð og frekari eftirfylgni deildar um stefnumótun.	Yfirumsjón og eftirfylgni innan borgarþróunarteymis SBB varðar einungis stór H2020 og HE verkefni. Önnur (smærri) verkefni eru inni á sviðum/skrifstofum.
Árleg kostnaðaráætlun: 2.6 milljón EUR (ca. <u>360 milljónir ISK</u>)	Árleg kostnaðaráætlun: 0 Árleg kostnaðaráætlun Helsinki yfirfærð á höfðatölu í Reykjavík: <u>38 milljónir ISK</u> Gert er ráð fyrir að EF styrkir til þátttöku í stórum samstarfsverkefnum myndi alveg sjálfstæðan tekjustofn. Styrkir til annarra (smærri) verkefna ná oft ekki til launakostnaðar nema með örfáum undantekningum (t.d. námsstyrkir).



Þátttaka Helsinkiborgar í stórum full-styrktum samstarfsverkefnum með aðkomu H2020 og HE hefur orðið til í gegnum Forum Virium stofnunina (einskonar B-hlutafélag). Sama gildir um megnið af verkefnunum sem styrkt eru af þróunar- og innviðasjóðum.	Borgarþróunarteymi SBB hefur verið í forsvari fyrir þátttöku og framlagi Reykjavíkurborgar í stórum full-styrktum samstarfsverkefnum með aðkomu H2020 og HE. Sérstakur kostnaðarstaður er til sem tekið hefur við fjármunum vegna slíkra verkefna (PACE, IMPULSE og SPARCS, AMIGOS). Engin sjálfstæð rannsóknarstofnun er til með aðkomu Reykjavíkur sem sérhæfir sig í þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum.
Forum Virium er sjálfseignar “non-profit” stofnun. Hún er fjármögnuð að hluta til af Helsinkiborg, m.a. til að mæta þátttöku í svæðatengdum þróunar- og innviðaverkefnum og vinnu við verkefnahönnun og styrkumsóknir, en að öðru leyti er stofnunin fjármögnuð með þátttöku í fullstyrktum H2020 & HE verkefnum. Samanlagður verkefnaprófíll er uppá ca. 8-10 milljón evra á ári. Er með 60 topp sérfræðinga í vinnu	Engin sambærileg rannsóknarstofnun er til með aðkomu Reykjavíkur. Engin fjármögnun er í áætlunum til að mæta slíkri starfsemi.
Óformlegur vinnuhópur starfar með fulltrúum allra sviða og miðlægrar stjórnsýslu. Hópurinn hittist í hverjum mánuði til að deila áskorunum og lærdómi af verkefnum uppá að bera kennsl á sameiginlega vanda og bæta nálgun og vinnubrögð.	Hugmynd að svipuðum hópi er á teikniborðinu og má vel álykta að Alþjóðahópurinn liggi best við hafa umgjörðina á því verkefni á sínum höndum.